


**Mál: Reykjavíkurvegur 33 - (fsp) stoðveggur**

Lögð fram fyrirspurn Ásrúnar Vilbergsdóttur, dags. 9. ágúst 2023, um að reisa stoðvegg norðan megin við húsið á lóð nr. 33 við Reykjavíkurveg upp við lóðarmörk borgarinnar, samkvæmt tillögu, ódags.

**Skipulagsleg staða:**

Lóðin er á skilgreindu svæði Í56 Litli-Skerjafjörður. Í íbúðarbyggð er almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Helstu þjónustukjarnar (s.s. hverfiskjarnar með stærri matvörubúðum) og stofnanir (s.s. grunnskólar) og stærri útivistarsvæði eru afmörkuð sérstaklega á uppdrætti. Innan íbúðarbyggðar er einnig mögulegt að gera ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi, enda sé um að ræða þrífalega starfsemi sem ekki veldur ónæði, og almennri opinberri þjónustu (þ.m.t. búsetukjarnar).

Ekki er til deiliskipulag fyrir þessa lóð en klapparholtið norðan við lóðina er friðað.

**Fyrirspurn**

Fyrirspurnin varðar hvort leyfi sé til þess að reisa stoðvegg á lóðamörkum milli Reykjavíkurvegar 33 og borgarlands vegna hæðamismunar lóðar. Samkvæmt teikningum sem fylgja fyrirspurn er um að ræða 60 sm stoðvegg með girðingu. Þar sem girðing og stoðveggur eru sem hæðst er hæðin um það bil 1.6 m.

**Umsögn /Niðurstaða**

Girðing eða skjólveggur á mörkum lóða er alltaf háður samþykki beggja lóðarhafa óháð hæð girðingar eða skjólveggs og skal samþykkis leitað áður en hafist er handa við smíði girðingar eða skjólveggs. Hér er um að ræða borgarland og aðkomuveg að Reykjavíkurvegi 35. Á lóðamörkum liggja lagnir, áður en grafið er er mjög mikilvægt að sækja um teikningar sem sýna legu lagna í jörðinni í samráði við Veitur. Jákvætt er tekið í erindið af gefnu samþykki frá lóðarhafa Reykjavíkurvegi 35 sé girðing og stoðveggur á lóðamörkum.

**F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Hrönn Valdimarsdóttir